



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur
21. maí 2024

- T I L L A G A -
Októberfest til 01:00 á ný

Stúdentaráð Háskóla Íslands kallar eftir að því að Reykjavíkurborg rými fyrir opnunartíma Októberfest hátíðarinnar, að hún vari til kl 01:00, í stað miðnættis líkt og hefur tíðkast undangengin ár, að fimmtudeginum undanskildum.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Nemendur og aðrir sem sækja hátíðina ættu að hafa kost á því að sækja hátíðina lengur en hefur tíðkast síðustu tvö ár. Höfundur tillögunar fannst gaman á síðustu Októberfest hátíðinni, en honum fannst einnig agalegt að þurfa að yfirgefa hana á besta tíma. Gestir hátíðarinnar eiga að hafa kost á því að þjóra lengur fram á nótt, þess heldur en að fara heim langt fyrir aldur fram, hvað þá að vera tilneydd til að takast á við illu öfl borg óttans.

Með því að rýma fyrir opnunartíma hátíðarinnar gefst fleiri fólki kostur á að sækja hátíðina og enginn þarf að fara heim fyrir dagskrárlök Ríkissjónvarpsins.

Sögur fara af glæstum tíma hátíðarinnar, þegar hátíðin var haldin fram á rauða nótt, eða réttara sagt til kl. 01:00, en alveg þar til 2020 var það lenskan með Októberfest. Endurheimtum glæstu tímana.

Eiríkur Kúld Viktorsson, stúdentaráðsliði Vöku